

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 2 tbl. 28. árgangur 2023

Frá formanni

Kæru félagar!

Sumarið var ljúft og sólríkt að mestu og náðu sem flestir vonandi að slappa af og hafa það gott í samvistun við fjölskylduna og náttúruna.

Það var góð þátttaka í vorsýningunni okkar 2023 sem var haldin í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins að Nethyl, 22. og 23. apríl, frá 13.00 - 17.00 báða dagana og ekki vantaði upp á fjölbreytileika félagsmanna að listmuna smíð, þetta var hreint út sagt stórkostleg listasýning og ljóst er að félagsmenn hafa verið ötulir í hverskonar listmuna smíði síðustu misseri. Við fengum til okkar nokkra nýja félagsmenn til að sýna með okkur. Kærar þakkir til allra sem komu á sýninguna okkar og til þeirra sem áttu verk á sýningunni.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu okkar stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að fylgjast með nýju heimasíðunni okkar og einnig á Fésbókar síðu félagsins.

Dagskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Kærar kveðjur,
Víðir Árnason, formaður FÁT

Árið byrjaði vel, þar sem við heimsóttum aðstöðuna hjá Ingólfi Sigurjónssyni og Reyni Sveinssyni. Við fengum aðsendar mjög skemmtilegar greinar frá Reyni Sveinssyni sem við komum fyrir í fyrsta tölublaði Brýnisins og hafa margir eflaust haft gaman að þeim lestri. Willy Petersen sendi Brýninu okkar nokkrar góðar myndir af verkum frá sér. Friðgeir Guðmundsson sendi okkur áhugaverða grein um Akantus-munstur sem er stílfært blaðmynstur Akantus-þyrnirunnans og er unnið mest með djúpskurði. Þessa grein hafði Friðgeir skrifað fyrir nokkrum árum síðan og var svo vinsamlegur að leyfa okkur að birta í þessu tímariti. Bestu þakkir til allra fyrir sitt framlag.

Vorsýningin okkar var hápunkturinn, það er ekki spurning. Alls tóku 14 aðilar þátt í sýningunni okkar sem var afar fjölbreytt og mikið úrval listasmíða.

Sýnendur á Vorsýningunni okkar þetta árið (2023) voru:

• Anna Jóna Kristjánsdóttir • Astrid Björk Eiríksdóttir • Bjarni Þór Kristjánsson • Björn Ingvarsson • Donald Ingólfsson • Friðrik Ottó Ragnarsson • Hjörtur Árnason	• Hrefna Aradóttir • Ingólfur Sigurjónsson • Júlíus Ágúst Guðmundsson • Magnús Steingrímsson • Sigurður Peterssen • Vagn Ingólfsson • Víðir Árnason
--	---

Margar skemmtilegar myndir hafa borist af þessum viðburði en það má einnig finna margar myndir inni á fésbókar síðu félagsins.

Mig langar að minnast á haustferð FÁT sem verður haldin 18. Nóvember næstkomandi (2023). Við ætlum að fara inn í Ásmundarsalinn í Sigtúni, á sýninguna „**Mentor: Ásmundur Sveinsson og Carl Milles**“. Carl Milles er einn virtasti myndhöggvari Svíþjóðar og líkt og Ásmundur þá gaf hann hús sitt, vinnustofu og verk til þjóðar sinnar eftir sinn dag. Carl Milles var lærifaðir Ásmundar á námsárum sínum í Stokkhólmi. Sannarlega áhugaverð sýning fyrir hópinn okkar enda lærði Ásmundur tréskurð hjá Ríkarði Jónssyni og lauk sveinsprófi árið 1919 áður en hann heldur til náms í Stokkhólmi.



Fallegur skúlptúr eftir Vagn Ingólfsson og leikbrúða eftir Hrefnu Aradóttur



Gestir og sýnendur virða fyrir sér listasmíðina og ræða málin.



Akantus munstur, verk eftir Víðir Árnason. Önnur verkefni eftir Björn Ingvarsson



Akantus (grein eftir Friðgeir Guðmundsson)

Akantusmynstrið er stílfært blaðmynstur Akantus-þyrnirunnans og er unnið mest með djúpskurði. Elstu minjar um það eru frá dögum Forn-Grikkja á 5. öld f.Kr. Í aldanna rás hefur Akantusmynstrið tekið breytingum og þróast vegna áhrifa frá öðru mynstri og ýmsum tískusveiflum, ekki síst þegar það barst til annarra landa.

Elstu dæmin um akantusmynstur er einkum að finna á legsteinum og smyrslkerum sem lögð voru með í grafir fyrir fólks. Líklega má tengja uppruna mynstursins við þjóðtrú sem t.d. gætti á Indlandi og birtist í því að þyrnar voru lagðir á grafir til að koma í veg fyrir að hinir dauðu gengu aftur. Þjóðsaga frá Forn-Grikkjum kann að endurspegla hugmyndir manna um uppruna.



Sagan segir að gömul kona frá Korintu lagði körfu með ýmsum hlutum við gröf ungrar stúlku. Körfuna hafði hún sett ofan á akantusrót. Vorið eftir óx jurtin og vafði blöðum sínum um körfuna. Listamaður að nafni Kallimachos tók eftir þessu og hreifst af fegurð blaðanna og hvernig þau umvöfðu körfuna. Hann nýtti sér síðan þetta form við mótun súlna fyrir konung.

Gríska Akantusmynstrið náði miklum vinsældum víða um heim. Þar áttu Rómverjar einkunn hlut að máli og breyttu þeir mynstrinu nokkuð eftir eigin höfði. M.a. gerðu þeir Akantusjurtina blaðmeiri og létu stöngulinn nánast hverfa. Þegar fram liðu stundir varð rómverska akantusmynstrið mjög stílfært og minnti lítið á náttúruleg laufblöð.

Akantusmynstrið hefur trúlega borist með kristninni til Norðurlanda og er talið að þess hafi gætt hvað mest um aldamótin 1700. Skurðmeistarar á Norðurlöndum aðhyllast fremur rómverska afbrigðið, sem skýrist líklega af tengingu við kristna trú. Á Íslandi virðist akantursskreytingin hafa verið mjög ríkjandi í tréskurði allt frá fyrstu öldum kristni og út 19. öldina. Á Þjóðminjasafni eru nokkur verk frá 17-19. öld sem eru til vitnis um sögu Akantus hér á landi.

Friðgeir H. Guðmundsson

Skurðlistamaður og kennari



*Dæmi um Akantus skurð. (Myndir frá Pinterest)
Akantus verkefni var oftast sem lokaverkefni útskurðarmeistara.*

Smásaga úr bílskúrnum

Það er alltaf ánægjulegt og áhugavert að heimsækja útskurðarmeistarann Friðgeir Guðmundsson heim á vinnustofuna hans.

Það var í september 2022 að ég heimsótti útskurðarmeistarann sjálfan inn á vinnustofuna hans í Melalind Kópavogi. Við tókum spjallið um heima og geyma og þá aðallega um tréskurð og verkefni. Ég minntist á að ég ætti góða fjöl sem ég þyrfti að fá hugmyndir að skera út í. Fjölin er úr Lindi tré og ca. 70 x 25 x 4,5. Eftir létt spjall þá réttir Friðgeir mér teikningu af hestum að stökkva yfir grindverk. Mikið og metnaðarfullt verkefni, hugsaði ég með mér. Ég hef ekki áður skorið svona stórt verk og hvað þá hesta út í tré.

Ég byrjaði á þessu verkefni í september 2022 og sóttist verkið ágætlega en ég var ekkert að flýta mér. Verkið kláraði ég svo aftur í september 2023. Á þessum tíma, þá hef ég notið þess að vinna þetta verkefni en það hefur líka reynt á útsjónarsemina, enda ekki á ferðinni Sigga á Grund, í bílskúrnum hjá mér.

Verkið hefur tekið nokkrum breytingum frá því að ég byrjaði á því, þ.e. aðallega í bakgrunni en ég hef náð að halda verkinu nokkuð til saman við upprunalegu teikningu þess. Mér telst til að ég hafi eytt rúmlega 130 klukkutímum í þetta verk. Ég notaði Shellack til að loka viðnum þegar ég var búin að skera það út og bar síðan Mahony vax á hestana. Að því loknu lakkaði ég yfir verkið með hálf möttu parket lakki, eina umferð til að fá smá glans á verkið sem kemur nokkuð vel út. Ég læt hérna fylgja mynd af þessu verki mínu.



Hestar, útskurður Hjörtur Árnason eftir mynd frá Friðgeiri Guðmundssyni.

Dagskrá – 2023-2024

Framundan eru heimsóknir og opin hús.

Haustferð FÁT inn í Ásmundarsalinn 18. nóvember 2023.

Sýningin: **Mentor Ásmundur Sveinsson og Carl Milles**

Opið hús, hjá Friðrik Ottó Ragnarssyni, 20 janúar 2024, Breiðuvík 18

Aðalfundur FÁT, Heimilisiðnaðarfélaginu Nethyl 2e, 17 febrúar 2024

Vorferð FÁT, Forsæti í Flóahreppi, 16. mars 2024

Vorsýning FÁT, Heimilisiðnaðarfélaginu Nethyl 2e. 20 apríl 2024

Mælum með að heimsækja nýju heimasíðu félagsins að:
www.treskurdur.is.

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Netfang: treskurd@gmail.com Heimasíða: treskurdur.is

Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason Stjórn FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur

